

Stefndi greiði stefnendum hverjum um sig 15.000 króna fégjald ásamt 9% ársvöxtum frá 25. júní 1974 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega 25.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Stefndi skal sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega 50.000 krónur í málskostnað.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 18. júní 1979.

Nr. 43/1979. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

gegn

**Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni**

**Skúla J. Pálmasyni hæstaréttarlögmanni og**

**Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni.**

Sameining mála. Frestur.

### Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Þegar mál þetta kom fyrir á dómþingi Hæstaréttar 1. júní 1979, óskaði áfrýjandi þess, að það yrði sameinað hæstaréttarmálinu nr. 199/1978, sem kom fyrir á dómþinginu sama dag, og frestað eins og því til 1. október 1979.

Stefndu Páll og Skúli mótmæltu því, að málin yrðu sameinuð og frestur veittur.

Stefndi Sveinbjörn mótmælti því, að málið yrði sameinað málinu nr. 199/1978, en samþykkti frestbeiðnina.

Hinn 27. október 1978 var á aukadómþingi Rangárvallasýslu kveðinn upp dómur í málinu: Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn hreppsnefnd Landmannahrepps vegna

hreppsins, hreppsnefnd Holtahrepps vegna hreppsins og eigendum og ábúendum jarða í þeim hreppi, eigendum jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, hreppsnefnd Rangárvallahrepps vegna hreppsins og hreppsnefnd Skaftártunguhrepps vegna hreppsins. Allir stefndu í máli þessu eru taldir hafa haft gjafvörn í héraði, og voru lögmönnum þeirra dæmd málflytningu- og laun úr ríkissjóði.

Landmannahreppur áfrýjaði máli þessu með stefnu 20. nóvember 1978. Var það þingfest 1. desember s. á. sem hæstaréttarmálið nr. 199/1978.

Holtahreppur, eigendur og ábúendur jarða í þeim hreppi, Rangárvallahreppur og eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi áfrýjuðu málinu með stefnu 12. desember 1978. Var það mál þingfest 2. mars 1979 sem hæstaréttarmálið nr. 211/1978 og þá sameinað hæstaréttarmálinu nr. 199/1978.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. desember 1978. Í stefnu var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði „staðfestur að öðru leyti en því, að gjafsóknarlaun talsmanna aðaláfrýjenda verði lækkuð verulega“. Þá krafðist þessi áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þetta mál var þingfest 8. janúar 1979 sem hæstaréttarmálið nr. 223/1978. Hinn 2. mars 1979 var það sameinað málinu nr. 199/1978.

Hinn 1. mars 1979 fékk fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs enn gefna út áfrýjunarstefnu í málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. febrúar s. á. Segir í stefnu, að rétt þyki að „beina fyrrgreindri lækkunarkröfu talsmannslauna einnig gegn talsmönnum sjálfum persónulega hverjum og einum . . .“ Hins vegar sé ekki krafist málskostnaðar úr þeirra hendi. Mál þetta var þingfest 2. mars 1979 sem hæstaréttarmálið nr. 43/1979 og frestað til 1. júní s. á.

Á þessu stigi eru ekki efni til að fjalla almennt um formhlið máls þessa. Hér er fjallað um ákvæði héraðsdóms um kostnað af máli, sem bera má undir Hæstarétt, þar sem efnisþáttum aðalmálsins hefur verið áfrýjað, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 19.

gr. laga nr. 75/1973 ber að sameina málið öðrum áfrýjunarmálum um sakarefni þetta. Verður krafa áfrýjanda um sameiningu því tekin til greina. Samkvæmt þessu þykir einnig rétt að fresta máli þessu til 1. október nk.

### Á l y k t a r o r ð :

Mál þetta er sameinað hæstaréttarmálinu nr. 199/1978 og frestað til 1. október 1979.

Mánudaginn 18. júní 1979.

Nr. 108/1979. **Gunnar Guðlaugsson**

**Karl Sigurgeirsson**

**Kristinn Guðmundsson og**

**Svavar Þorbergsson**

gegn

**Boga Nilssyni sýslumanni vegna sýslunefndar Suður-Múlasýslu**

**Guðmundi Björnssyni hreppstjóra,**

**formanni kjörstjórnar við kosningar til**

**hreppsnefndar í Geithellnahreppi vegna**

**kjörstjórnarinnar, og**

**Magnúsi H. Magnússyni félagsmálaráðherra**

**vegna félagsmálaráðuneytisins.**

Kærumál. Lögbann. Máli vísað frá Hæstarétti.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 7. júní 1979, er barst Hæstarétti 8. s. m., skotið úrskurði fógætaréttar Suður-Múlasýslu 6. s. m. til Hæstaréttar. Krefjast þeir þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógæta að leggja á umbeðið lögbann. Eigi er málskostnaðarkrafa uppi höfð.

Frá gerðarþólum hafa eigi borist greinargerðir og því engar kröfur komið fram af þeirra hendi.

Samkvæmt a lið 3. töluliðs 1. málgr. 21. gr. laga nr. 75/